

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar

Fullyrt er að jarðgöng séu hlutfallslega dýrari í rekstri en venjulegur vegkaflí og það notað til að réttlæta veggjöld. Mér er spurn – Jarðgöng liggja þar sem stytting milli staða er mikil og/eða sneitt er hjá hættulegu vegstæði líkt og var gert með t.d. Múlagöngum. Er rétt að fullyrða að rekstur gangnanna sé dýrari en rekstur vegkaflans sem göngin gerðu óþörf? Ég hef ekki tölu á slysum, jafnvel banaslysum sem hafa orðið þar, sem seint verða metin í krónum, en veit að það var stöðugt verið að moka þar til að halda uppi samgöngum með tilheyrandi áhættu. Er verið að bera saman við svoleiðis vegkafla?

Undirritað: Hákon Halldórsson